

1870.
30. apríl.

handa Íslandi 11. desembr. 1869¹, um aðra skiptingu á lyfjavog-
inni, skuli öðlast gildi, og um, að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn
á Íslandi, eru látin meðfylgja 8 exemplör af þremur umburðar-
bréfum frá hinu konunglega heilbrigðisráði um það, að innleiða
nýja lyfjaskrá og lyfjavog, til útbýtingar milli lækna og lyfsala í
yðar umdæmi, og enn 2 exemplör af niðurjöfnunartöflu frá heil-
brigðisráðinu, sem lyfsalar, er þeir afgreiða læknisfyrirsagnir,
sem eru ritaðar fyrir 1. júlím. 1870 (á Íslandi fyrir 1.
janúarm. 1871) eiga að fara eptir, til þess að koma við nýju
voginni, handa lyfsalanum í Reykjavík (Stykkishólmi, Akureyri).
Ennfremur sendir stjórnarráðið yður 4 exemplör af auglýsingu
dómsmálastjórnarinnar 14. júní 1869 um vogarlöd þau, sem sam-
kvæmt lögum um aðra skiptingu á lyfjavoginni, 14. febrúar 1868,
og konunglegri reglugjörð 12. maí 1869 eru útgengin frá mæli-
stofunni í Kaupmannahöfn, til útbýtingar handa lyfsölum og þeim
læknum, sem sjálfir láta af hendi lyf í suðurumdæminu (vesturum-
dæminu, — norður- og austurumdæminu).

28. maí.

**37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins
yfir Íslandi, um skyldu læknis á Vestmannaeyjum til
að kaupa lyf sín í lyfjabúðinni í Reykjavík.**

Útaf bænarskrá þeirri, sem getið er um í bréfi yðar, herra
stiptamtmaður, 19. janúar þ. á., að héraðslæknirinn á Vestmanna-
eyjum sækir um leyfi til að kaupa lyf þau í Kaupmannahöfn, sem
hann sjálfur lætur af hendi til lækninga, í stað þess að taka
þau hjá lyfsalanum í Reykjavík, eins og hann er skyldugur til, er
yður hérmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér
kunngjöríð það, að þetta leyfi ekki getur orðið veitt.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 831.